



27. mars 2019  
1902009

Nefndasvið Alþingis  
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

*Efni:* Framhalds athugasemdir í kjölfar umsagna um frumvarp til laga um breytingu á stjórnslutölum nr. 37/1993, með síðari breytingum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda), 493. mál.

Vísað er til umsagnar Seðlabanka Íslands, dags. 27. febrúar sl., vegna frumvarps til laga um breytingu á stjórnslutölum nr. 37/1993 með síðari breytingum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda), 493. mál. Jafnframt er vísað til fyrri umsagnar Seðlabanka Íslands, dags. 21. nóvember sl., vegna sama frumvarps sem þá var lagt fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda ([www.samradsgatt.island.is](http://www.samradsgatt.island.is)). Að lokum er vísað til fundar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þann 11. mars sl. um málið þar sem Ólafur Páll Ólafsson og Steinunn Guðmundsdóttir mættu f.h. Seðlabanka Íslands og reifuðu helstu efnisatriði áður nefndra umsagna bankans.

Á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar fór formaður hennar fram á að Seðlabanki Íslands myndi skoða frumvarpið með hliðsjón af drögum að frumvörpum til laga um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 7. mars sl.

Seðlabanki Íslands ítrekar efni áður fram kominna umsagna sinna en til viðbótar við 4. lið umsagnar bankans, dags. 27. febrúar sl., og 6. lið umsagnar bankans, dags. 21. nóvember sl., vill bankinn benda á að samkvæmt 61. gr. frumvarps til breytinga á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins skal 15. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál taka breytingum og framvegis orðast þannig að þeir sem annast framkvæmd laganna séu bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Verði drögin samþykkt sem lög gildir hið sérstaka þagnarskylduákvæði nýrra laga um sameinaðan seðlabanka því um þá sem annast framkvæmd laga nr. 87/1992. Í því ljósi leggur bankinn til að tillagðar breytingar á 15. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 4. tl. 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á stjórnslutölum, verði felldar brott.

Hvað varðar 15. gr. laga nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, þá þekkir Seðlabanki Íslands ekki ástæður þess að ekki er gert ráð fyrir samsvarandi breytingum á ákvæðinu eins og með 15. gr. laga nr. 87/1992, sbr. ofangreint. Forsætisráðuneytinu hefur þó verið bent á þetta ósamræmi í frumvarpinu. Í öllu falli er það mat Seðlabanka Íslands að tillagðar breytingar á 15. gr. laga nr. 37/2016, sbr. 75. tl. 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, verði felldar brott.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Sigríður Logadóttir,  
aðallögfræðingur



Ólafur Páll Ólafsson,  
lögfræðingur